

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/415**

2021/EES/57/26

frá 8. mars 2021

**um breytingu á tilskipunum ráðsins 66/401/EBE og 66/402/EBE til þess að aðlaga flokkunarfræðilega hópa og heiti tiltekinna tegunda fræs og illgresis að þróun á sviði vísinda- og tækniþekkingar (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja <sup>(1)</sup>, einkum a-lið A-liðar 1. mgr. 2. gr. og 21. gr. a,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(2)</sup>, einkum A-lið 1. mgr. 2. gr. og 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ljósi þróunar á sviði vísindaþekkingar hafa grasafraeðiheiti skrápvinguls og húsapunts, ásamt grasafraeðiheimum hveitis, harðhveitis, spelts, dúrru og akurdúrru verið endurskoðuð og þeim breytt í samræmi við reglur alþjóðlega nafnakerfisins fyrir þörungum, sveppi og plöntum.
- 2) Grasafraeðiheiti skrápvinguls var breytt þar eð heitið *Festuca trachyphylla* (Hack.) Hack. var birt á réttmætan hátt á undan heitinu *Festuca trachyphylla* (Hack.) Krajina. Grasafraeðiheitið *Elytrigia repens* fyrir húsapunt var ekki birt á réttmætan hátt. Þess í stað hefur verið ákveðið að heitið *Elymus repens* verði gildandi grasafraeðiheiti þeirrar tegundar.
- 3) Genamengis- og tegundaþróunargrunduð nálgun við flokkunarfræði *Triticum*-tegunda hefur staðfest að harðhveiti og spelt, sem áður voru taldar vera aðskildar tegundir, eru undirtegundir annarra tegunda. Því hefur eldra grasafraeðiheiti harðhveitis, *Triticum durum* Desf., verið endurskoðuð og nýja heitið er *Triticum turgidum* L. subsp. *durum* (Desf.) van Slageren. Grasafraeðiheiti spelts, *Triticum spelta* L., hefur verið endurskoðuð og er nú *Triticum aestivum* L. subsp. *spelta* (L.) Thell. Þar eð spelt telst nú vera undirtegund hveitis hefur plöntuhópurinn sem áður nefndist *Triticum aestivum* L. fengið nýtt heiti, *Triticum aestivum* L. subsp. *aestivum*, í samræmi við reglur alþjóðlega nafnakerfisins fyrir þörungum, sveppi og plöntum.
- 4) Eldra grasafraeðiheiti akurdúrru, *Sorghum sudanense* (Piper) Stapf, var ekki birt á réttmætan hátt og ákveðið hefur verið að *Sorghum bicolor* (L.) Moench subsp. *drummondii* (Steud.) de Wet ex Davidse verði gildandi grasafraeðiheiti þessa plöntuhóps í samræmi við reglur alþjóðlega nafnakerfisins fyrir þörungum, sveppi og plöntum. Þar eð akurdúrra hefur flokkunarfræðilega stöðu undirtegundar dúrru hefur grasafraeðiheiti dúrru, *Sorghum bicolor* (L.) Moench, verið endurskoðuð í samræmi við reglur alþjóðlega nafnakerfisins fyrir þörungum, sveppi og plöntum og er nú *Sorghum bicolor* (L.) Moench subsp. *bicolor*.
- 5) Því ætti að breyta tilskipunum 66/401/EBE og 66/402/EBE til að endurspeglar þessar breytingar.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntum, dýr, matvæli og fóður.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 81, 9.3.2021, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 194/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298.

(2) Stjttíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

### Breytingar á tilskipun 66/401/EBE

Tilskipun 66/401/EBE er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 16. skilgreiningarinnar í a-lið A-liðar 1. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„ <i>Festuca trachyphylla</i> (Hack.) Hack.	Skrápvingull“
---	---------------

- 2) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við A-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

2. gr.

### Breytingar á tilskipun 66/402/EBE

Tilskipun 66/402/EBE er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum A-liðar 1. mgr. 2. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 8. skilgreiningarinnar kemur eftirfarandi:

„ <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench subsp. <i>bicolor</i>	Dúrra“
--	--------

- b) Í stað 9. skilgreiningarinnar kemur eftirfarandi:

„ <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench subsp. <i>drummondii</i> (Steud.) de Wet ex Davidse	Akurdúrra“
--	------------

- c) Í stað 11. skilgreiningarinnar kemur eftirfarandi:

„ <i>Triticum aestivum</i> L. subsp. <i>aestivum</i>	Hveiti“
--	---------

- d) Í stað 12. skilgreiningarinnar kemur eftirfarandi:

„ <i>Triticum turgidum</i> L. subsp. <i>durum</i> (Desf.) van Slageren	Harðhveiti“
--	-------------

- e) Í stað 13. skilgreiningarinnar kemur eftirfarandi:

„ <i>Triticum aestivum</i> L. subsp. <i>spelta</i> (L.) Thell.	Spelt“
--	--------

- f) Í stað 15. skilgreiningarinnar kemur eftirfarandi::

„ <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench subsp. <i>bicolor</i> x <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench subsp. <i>drummondii</i> (Steud.) de Wet ex Davidse	Blendingar sem til verða við blöndun á <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench subsp. <i>bicolor</i> og <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench subsp. <i>drummondii</i> (Steud.) de Wet ex Davidse“
---	--

- 3) Ákvæðum I., II. og III. viðauka er breytt í samræmi við B-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

3. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2022. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. febrúar 2022.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

4. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. mars 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

**A hluti – Breyting á II. viðauka við tilskipun 66/401/EBE**

Í stað fyrirsagnar 7. dálks í töflunni í A-lið 2. liðar I. liðar og fyrirsagnar 5. dálks í töflunni í A-lið 2. liðar II. liðar kemur eftirfarandi.

„*Elymus repens*“

**B-hluti – Breytingar á I., II., og III. viðauka við tilskipun 66/402/EBE**

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað neðanmálgreinar (\*) við töfluna í 2. lið kemur eftirfarandi:

„(\*) Á svæðum þar sem tilvist *S. halepense* eða *S. bicolor* subsp. *drummondii* er sérlegt vandamál að því er varðar víxlfrævingu gildir eftirfarandi:

- a) ræktun til framleiðslu á stofnfræi *Sorghum bicolor* subsp. *bicolor* eða blendingum þess skal vera einangruð í a.m.k. 800 m fjarlægð frá öllum slíkum mengandi frjógjöfum,
- b) ræktun til framleiðslu á vottuðu fræi *Sorghum bicolor* subsp. *bicolor* eða blendingum þess skal vera einangruð í a.m.k. 400 m fjarlægð frá öllum slíkum mengandi frjógjöfum.“

b) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5. Ræktun til að framleiða vottað fræ af blendingum af *Avena nuda*, *Avena sativa*, *Avena strigosa*, *Oryza sativa*, *Triticum aestivum* subsp. *aestivum*, *Triticum turgidum* subsp. *durum*, *Triticum aestivum* subsp. *spelta* og sjálffrævandi *xTriticosecale* og ræktun til að framleiða vottað fræ af blendingum af *Hordeum vulgare* með annarri tækni en með umfrymisbundinni karlófrjósemi

a) Ræktunin skal uppfylla eftirfarandi staðla um fjarlægð frá nálægum frjógjöfum sem getur orsakað óæskilega aðfrævnun:

- lágmarksfjarlægðin milli kvenþáttarins og allra annarra afbrigða sömu tegundar, nema ræktunar með karlþætti, skal vera 25 m,
- ekki þarf að virða fjarlægðarmörkin ef nægileg vernd er gegn óæskilegri aðfrævnun,

b) Ræktunin skal vera ósvikin og hrein að því er varðar þáttaeinkenni.

Ef íðefni sem veldur kynblöndun er notað við framleiðslu sáðkornsins skal uppskeran uppfylla eftirfarandi aðra staðla eða önnur skilyrði:

i. lágmarkshreinleiki yrkis í hverjum þætti skal vera:

- *Avena nuda*, *Avena sativa*, *Avena strigosa*, *Hordeum vulgare*, *Oryza sativa*, *Triticum aestivum* subsp. *aestivum*, *Triticum turgidum* subsp. *durum* og *Triticum aestivum* subsp. *spelta*: 99,7%,
- sjálffrævandi *xTriticosecale*: 99,0%,

ii. kynblöndun skal vera a.m.k. 95%. Meta skal hlutfall kynblöndunar í samræmi við gildandi alþjóðlegar aðferðir svo framarlega sem slíkar aðferðir séu fyrir hendi. Ef kynblöndun er ákvörðuð þegar prófun stendur yfir á sáðkorninu fyrir vottun þarf ekki að ákvarða kynblöndun við akurskoðun.“

c) Í stað a-liðar í B-lið 7. liðar kemur eftirfarandi:

„a) fyrir *Avena nuda*, *Avena sativa*, *Avena strigosa*, *Hordeum vulgare*, *Oryza sativa*, *Phalaris canariensis*, *xTriticosecale*, *Triticum aestivum* subsp. *aestivum*, *Triticum turgidum* subsp. *durum*, *Triticum aestivum* subsp. *spelta*, *Secale cereale*: einn,“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað A-liðar kemur eftirfarandi:

„A. *Avena nuda*, *Avena sativa*, *Avena strigosa*, *Hordeum vulgare*, *Oryza sativa*, *Triticum aestivum* subsp. *aestivum*, *Triticum turgidum* subsp. *durum*, *Triticum aestivum* subsp. *spelta*, þó ekki blendingar í neinu tilviki:

Flokkur	Lágmarkshreinleiki yrkis (%)
Stofnfræ	99,9
Vottað fræ, fyrsti ættliður	99,7
Vottað fræ, annar ættliður	99,0

Eftirlit með lágmarkshreinleika yrkis skal einkum framkvæmt með akurskoðunum í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka.“

ii. Í stað C-liðar kemur eftirfarandi:

„C. **Blendingar af** *Avena nuda*, *Avena sativa*, *Avena strigosa*, *Hordeum vulgare*, *Oryza sativa*, *Triticum aestivum* subsp. *aestivum*, *Triticum turgidum* subsp. *durum*, *Triticum aestivum* subsp. *spelta*, og sjálffrævandi x*Triticosecale*

Hreinleiki fræsins í flokknum „vottað fræ“ skal vera a.m.k. 90%.

Ef um er að ræða *Hordeum vulgare*, sem er framleiddur með umfrymisbundinni karlófrjósemi, skal hann vera 85%. Óhreinindi önnur en endurheimtarlínan skulu ekki vera yfir 2%.

Lágmarkshreinleiki yrkis skal rannsakaður á viðeigandi hlutfalli sýna í opinberum eftirkönnunarprófum.“

b) Í stað færslunnar í þriðju línu í 1. dálki í töflunni í A-lið 2. liðar kemur eftirfarandi:

„*Avena sativa*, *Avena strigosa*, *Hordeum vulgare*, *Triticum aestivum* subsp. *aestivum*, *Triticum turgidum* subsp. *durum*, *Triticum aestivum* subsp. *spelta*.“

3) Í III. viðauka er töflunni breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar í þriðju línu fyrsta dálks kemur eftirfarandi:

„*Avena sativa*, *Avena strigosa*, *Hordeum vulgare*, *Triticum aestivum* subsp. *aestivum*, *Triticum turgidum* subsp. *durum*, *Triticum aestivum* subsp. *spelta*, *Secale cereale*, x*Triticosecale*“.

ii. Í stað færslunnar í sjöttu línu fyrsta dálks kemur eftirfarandi:

„*Sorghum bicolor* (L.) Moench subsp. *bicolor*“.

iii. Í stað færslunnar í sjöundu línu fyrsta dálks kemur eftirfarandi:

„*Sorghum bicolor* (L.) Moench subsp. *drummondii* (Steud.) de Wet ex Davidse“.

iv. Í stað færslunnar í áttundu línu fyrsta dálks kemur eftirfarandi:

„*Sorghum bicolor* (L.) Moench subsp. *bicolor* x *Sorghum bicolor* (L.) Moench subsp. *drummondii* (Steud.) de Wet ex Davidse“.